

3. Frumvarp

til laga um heimild handa landsstjórninni til að fyrirskipa fráfærur ásauðar.

(Lagt fyrir Alþingi 1918).

1. gr.

Meðan Norðurálfuófriðurinn stendur heimilast landsstjórninni að setja með reglugerð eða reglugerðum ákvæði um fráfærur ásauðar og til að gera nauðsynlegar ráðstafanir þar að lútandi. Má verja til þess fje úr landssjóði.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot á henni og meðferð mála út af brotum gegn henni. Og refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, er landsstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður landsstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga, um leið og hver ráðstöfun er gerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Landsstjórninni þykir óhjákvæmilegt að leita heimildar Alþingis til þess að fyrirskipa almennar fráfærur, fyrst og fremst í þeim tilgangi að reyna að bæta úr feitmetisskortinum, sem nú er að verða mjög tilfinnanlegur í kaupstöðum og sjávarþorpum og jafnvel einnig í sveitum. Undanfarin ár hefir verið notað mjög mikið af útlendu feitmeti hjer í landi, og hefir notkun þess aukist stöðugt síðustu árin, eins og sjá má af verslunarskýrslunum. Þannig var flutt inn í landið árið 1913 samtals 326,500 kg. af smjörliki og plöntufeyti, árið 1914 366,000 kg. af smjörliki, plöntufeyti, svinafeyti og annari dýrafeyti, og árið 1915 441,500 kg. af sömu feitmetistegundum. Þessi ár var útflutningur á smjöri og tólg hjeðan úr landi þannig: 1913 180,600 kg., 1914 78,500 kg. og 1915 um 112,000 kg. Af þessu sjest það, að þótt ekkert hefði verið flutt út úr landinu af feitmeti árin 1914 og 1915, hefði samt þurft að flytja um 300,000 kg. af útlendu feitmeti inn í landið, til þess að fullnægja feitmetisþörf landsmanna. En nú er tekið fyrir innflutning á feitmeti frá útlöndum hingað til lands. Þjóðir þær, sem vjer verslum við, eru í megnustu feitmetisvandræðum, einkum vegna þess, að smjörlikisverksmiðjurnar hafa neyðst til að stöðva framleiðsluna, sökum vöntunar á efnivörum, og hefir því nær alstaðar verið bannaður útflutningur á feitmeti. Að feitmetisskorturinn hingað til hefir ekki verið mjög tilfinnanlegur hjer stafar af því, að síðastliðið sumar komu allmiklar birgðir af smjörliki til landsins frá Vesturheimi, og þær hafa verið treindar í vetur, en eru nú alveg að þrotum komnar. Það er því komið að því, að hjargast verður eingöngu við innlent feitmeti, en til þess að reyna að framleiða nægilegt af því, virðist það vera fyrsta tiltækilega ráðið að auka fráfærur í landinu. Með nokkurn veginn almennum fráfærum ætti að vera unt að auka smjörframleiðsluna svo mikið, að hægt verði að fullnægja feitmetisþörfinni. Árið 1916 eru taldar í búnaðarskýrslunum 325,562 ær með lömbum og 79,712 geldar ær. Ef að eins yrði fært frá 100,000 fleiri ám en undanfarin ár og $2\frac{1}{2}$ kg. af smjöri fengist úr sumarnyt ærinnar, ynnist vöntunin á erlendu feitmeti nærri upp, ef ekkert innlent feitmeti er flutt út úr landinu. Og smjörframleiðslan gæti jafnvel aukist svo mjög með almennum fráfærum um land alt, að leyfa mætti útflutning á smjöri. En auk þess eykur málnyt ásaugar mjög mikið aðra fæðuframleiðslu í landinu, t. d. skyr- og ostagerð, þar eð verðgildi og næringargildi sauðamjólkurinnar fyrir fráfærnaaðferð verður stórum mun meiri en sá verðauki, sem lömbin fá að haustlagi með því að ganga undir ánum. Og þetta er ekki síður

áriðandi, þegar aðdrættir útlendra matvæla geta hæglega minkað mjög mikið og enda stöðvast að miklu leyti um tíma.

Framkvæmd laganna ætti ekki að hafa tilfinnanlegan kostnað í för með sjer fyrir landssjóð. Aðalútgjöldin yrðu að líkindum kaup og ferðakostnaður manns eða manna, sem fela verður stjórn og umsjón fráfærumálanna.

Efalaust verður framkvæmd laganna ýmsum vandkvæðum bundin, sjerstaklega það atriði, i hvaða einstökum tilfellum skuli heimilt að veita undanþágur frá fráfærum hjá einstökum búendum, að meira eða minna leyti. En úr öllum þess háttar atriðum verður að reyna að greiða sem skýrast i reglugerð þeirri eða reglugerðum, sem settar verða um þetta efni.